



Samningur um stofnun og rekstur rannsóknarstofu í upplýsingatækni og miðlun (RannUM)

1. gr. Stofnun rannsóknarstofu

Kennaraháskóli Íslands, kt. 690169-2159, og Sólveig Jakobsdóttir kt. 261158-4189 gera með sér svohljóðandi samning um stofnun og rekstur rannsóknarstofu sem ber heitið

Rannsóknarstofa í upplýsingatækni og miðlun

2. Hlutverk og markmið

Aðalmarkmið rannsóknarstofunnar er að auka og efla menntarannsóknir sem tengjast upplýsingatækni og miðlun með því til dæmis að:

- a) eiga frumkvæði að og sinna rannsóknum á sviðinu,
- b) vera samstarfsvettvangur fræðimanna á sviðinu og við fræðimenn annarra sviða.
- c) hafa samstarf og tengsl við þá aðila sem móta stefnu og sjá um framkvæmdir á sviðinu í samfélaginu,
- d) hafa samstarf við erlenda aðila um rannsóknir,
- e) veita nemum í rannsóknartengdu framhaldsnámi þjálfun og reynslu í vísindalegum vinnubrögðum með því að gefa þeim kost á að vinna rannsóknir og námsverkefni á vegum rannsóknarstofunnar,
- f) stuðla að því að yfirsýn fái yfir rannsóknir á umræddu sviði, miðla þekkingu og kynna niðurstöður rannsókna meðal annars með útgáfu fræðigreina og fræðiritra og með fyrirlestrahaldi.
- g) Veita ráðgjöf og aðra þjónustu á sínu sviði eftir því sem aðstæður leyfa.

3. gr. Viðurkenning

Rannsóknarstofan er hluti af rannsóknarsviði Kennaraháskóla Íslands. Með samningnum er viðurkennt að forsvarsmönnum stofunnar sé heimilt að nota nafn Kennaraháskóla Íslands, merki og kennitölu í samskiptum sínum við aðila utan skólans.

4. gr. Stjórnun

Þeir aðilar sem leggja til stofnun rannsóknastofunnar tilnefna stjórn fyrir hana, að höfðu samráði við framkvæmdastjóra rannsóknarsviðs. Stjórnin ákveður hver skuli vera ábyrgðarmaður gagnvart Kennaraháskólanum fyrir hönd rannsóknarstofunnar. Ráðning starfsmanna að stofunni er í höndum Kennaraháskólans.

5. gr. Fjármál

Rannsóknarstofan hefur sjálfstæðan fjárhag en umsjón með bókhaldi fyrir hana er í höndum Kennaraháskólans. Tekjur rannsóknarstofunnar geta meðal annars verið fjárframlög frá Kennaraháskólanum, styrkir úr samkeppnissjóðum og framlög frá einkaaðilum. Rannsóknarstofan skal gera fjárhagsáætlun fyrir öll rannsóknarverkefni sín sem er aðgengileg framkvæmdastjóra rannsóknarsviðs.

6. gr. Starfsemi

Rannsóknarstofan getur veitt fræðimönnum á sviðinu tækifæri til að sinna hluta rannsóknarskyldu sinnar á vegum stofunnar. Hún getur ennfremur veitt rannsóknarhópum tækifæri til að starfa á sínum vegum. Rannsóknarstofan birtir afrakstur rannsókna sinna opinberlega. Rannsóknarstofan fylgir reglum Kennaraháskólans um rekstur og rannsóknir, meðal annars um meðferð og varðveislu gagna og skjala. Hún gerir framkvæmdastjóra rannsóknarsviðs reglulega grein fyrir starfi sínu.

7. gr. Stuðningur og eftirlit

Ábyrgðarmaður rannsóknarstofunnar er ábyrgur gagnvart rektor um rekstur stofunnar og verkefni. Stofan nýtur stuðnings rannsóknarsviðs í formi ráðgjafar og kynningar út á við. Kennaraháskólinn útvegar stofunni jafnframt starfsaðstöðu samkvæmt nánara samkomulagi. Framkvæmdastjóri rannsóknarsviðs fylgist með framkvæmd samningsins og því að starf stofunnar sé í samræmi við reglur KHÍ.

25. júní 2008

Ólafur Proppé rektor KHÍ

Sólveig Jakobsdóttir
Ábyrgðarmaður rannsóknarstofunnar

Gretar L. Marinósson
Framkvæmdastjóri rannsóknarsviðs KHÍ